

Alþingi 11.4.2017

Málsnr.: 1701106  
Málalykill: 0.34.3

Efnahags- og viðskiptanefnd  
Alþingi  
150 Reykjavík

Kirkjubæjarklaustri 10.04 2017

**Erindi: 67. mál, Lagafrumvarp um brottfall laga um Lífeyrissjóð bænda - Réttindi bændakvenna.**

Fyrir Efnahags- og viðskiptanefnd liggur fyrir að fjalla um niðurfellingu laga um Lífeyrissjóð bænda.

Í 6. gr. laga nr. 12/1999 um Lífeyrissjóð bænda er kveðið á um sértæka útgreiðslu lífeyris, makalífeyri, til eftirlifandi maka sem ekki hafa sjálfir öðlast réttindi til útgreiðslu úr sjóðnum, hvorki fyrir eigin réttindaávinnslu né fyrir framsal á réttindum hins látna maka.

Mótmæli ég því harðlega að þessi grein verði felld úr lögum.

Enginn getur ímyndað sér hvernig bændakonum leið og þar á meðal undirritaðri þegar tekið var 4% af prósent af innleggi okkar og flutt í lífeyrissjóð eiginmanna okkar. Ég held að sjaldan í lífinu hafi verið gert jafn lítið úr mér.

Lífeyrissjóður bænda var stofnaður árið 1974.  
En það var ekki fyrr en 1984 sem konur fengu aðild að sjóðnum.

Þá var eiginmönnum okkar sent bréf þar sem þeim var gefinn kostur á að skipta lífeyrisréttindum milli sín og eiginkvennanna.  
Af hverju hljóðaði bréfið ekki að þeir þyrftu að senda bréf ef ekki ætti að skipta réttindunum?

Að lágmarki átti að skila okkur því sem hafði verið hirt af okkur.

**Hafið það í huga að á þessum árum var framið mannréttindabrot á íslenskum bændakonum.**

Sem betur fer hafa konur í dag kost á að leita réttar síns, t.d. hjá Umboðsmanni Alþingis og dómstólum landsins.

Virðingarfyllst,



Sólrun Ólafsdóttir  
Kirkjubæjarklaustri II  
880 Kirkjubæjarklaustri